



Stefna um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum

1. gr.

Tilgangur og markmið

Stefnan gildir fyrir allt starfsfólk sjóðsins og stjórnarmenn. Stefnunni er ætlað að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum í rekstri sjóðsins og fjalla um meðhöndlun hagsmunaárekstra komi þeir upp. Markmið stefnunnar er að koma í veg fyrir hlutdrægni í starfsemi sjóðsins og stuðla að góðum viðskiptaháttum auk þess að tryggja óhæði, jafnræði og gagnsæi í viðskiptum við ytri aðila, svo sem aðila á fjármálamarkaði, útgefendur fjármálagerna og hvers konar seljendum þjónustu, svo sem birgja eða þjónustuaðila. Skal val og ákvarðanataka ávallt byggð á málefnalegum og hlutlægum forsendum.

Til að vinna að framangreindum markmiðum gerir LSR viðeigandi ráðstafanir til þess að greina, koma í veg fyrir og skrá þær aðstæður í starfseminni þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp.

Stefnan er hluti af innra regluverki sjóðsins og byggir á ákvæðum laga nr. 129/1997, um starfsemi lífeyrissjóða, og reglum Seðlabanka Íslands um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða nr. 590/2017.

2. gr.

Viðskiptahættir

Starfsemi sjóðsins felur m.a. í sér samskipti starfsfólks við ytri aðila, svo sem aðila á fjármálamarkaði, útgefendur verðbréfa og seljendur þjónustu. Mikilvægt er að öll samskipti starfsfólks við ytri aðila séu ávallt í samræmi við lög og gott viðskiptasiðferði. Jafnframt er lögð áhersla á að allar tillögur til fjárfestinga eða viðskipta við ytri aðila séu hlutlægar, nákvæmar og sannar.

Stjórn og starfsfólk skulu vinna gegn mútum, kúgun, fjársvikum og annarri spillingu. Lögð er áhersla á gagnsæi og heiðarleika í viðskiptum til að koma í veg fyrir hvers konar spillingu.

3. gr.

Hagsmunaárekstrar

Hagsmunaárekstrar geta verið til staðar þegar tengsl eða hagsmunir starfsfólks eða stjórnarmanna geta haft áhrif á eða virðast geta haft áhrif á hlutlægni við ákvörðun eða afgreiðslu máls.

Hagsmunaárekstur getur einnig komið upp þegar hagsmunir sjóðsins annars vegar, t.a.m. starfsfólks hans eða stjórnarmanna og ytri aðila s.s. sjóðfélaga eða viðskiptaaðila fara ekki saman. Auk þess sem upp kunna að koma aðstæður þar sem hagsmunir starfsfólks og stjórnar, eða sjóðsins sjálfs, fari ekki saman.

Stjórn og starfsfólk ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra og vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til þeirra. Stjórn og starfsfólk má ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga megi óhlutdrægni þess í efa.

Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi skal án tafar vekja athygli á þeim. Stjórnarmaður skal tilkynna stjórn LSR ef slíkar aðstæður eru fyrir hendi, í samræmi við *starfsreglur stjórnar LSR*, en starfsfólk LSR skal tilkynna slíkt næsta yfirmanni og skrá sbr. 5. gr.

Í viðauka I við stefnu þessa er að finna dæmi um hagsmunaárekstra sem geta komið upp í störfum starfsfólks og stjórnarmanna.

4. gr.

Greining hagsmunaárekstra

Við greiningu hagsmunaárekstra er horft til hagsmunaárekstra sem komið geta upp:

- milli LSR og sjóðfélaga
- milli LSR og starfsfólks/stjórnarmanna
- milli starfsfólks/stjórnarmanna og sjóðfélaga
- milli mismunandi deilda innan LSR
- milli starfsfólks/stjórnarmanna og ytri aðila,

LSR framkvæmir árlega greiningu á hagsmunaárekstrum og oftast ef tilefni er til. Einnig framkvæmir LSR atvikaþættir greiningar í tengslum við einstaka verkefni þar sem líkur eru á hagsmunaárekstrum. Greining hagsmunaárekstra er unnin þvert á sjóðinn en leidd af áhættustýringu.

5. gr.

Skráning hagsmunaárekstra (hagsmunaskrá)

Starfsmaður skal ekki taka þátt í ákvörðun eða afgreiðslu máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa. Komi upp sú staða að starfsmaður geti ekki sagt sig frá verkefni þar sem hagsmunaárekstrar eru til staðar, skal hann tryggja að óháður starfsmaður yfirfari ákvörðun/afgreiðslu máls og skal það skráð í hagsmunaskrá.

Skrá skal þá hagsmunaárekstra sem hafa komið upp í starfsemi sjóðsins og til hvaða ráðstafana var gripið. Ráðstafanir skulu vera þess eðlis að ekki sé hægt að draga óhlutdrægni sjóðsins við ákvörðun eða afgreiðslu málsins í efa.

Áhættustýring hefur umsjón með hagsmunaskrá.

6. gr.

Ráðstafanir til að fyrirbyggja hagsmunaárekstra

Sjóðurinn hefur gripið til ýmissa ráðstafana og sett sér innri reglur og verkferla sem ætlað er að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi sjóðsins og því að stjórn og starfsfólk tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að draga megna óhlutdrægni þeirra í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála, sbr. eftirfarandi:

Viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga: Stjórn og starfsfólk er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar, beint eða óbeint til öflunar eða ráðstöfunar fjármálagerninga sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta. Um verðbréfiðskipti gilda *verklagsreglur LSR um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna með fjármálagerninga*.

Aðskilnaður starfssviða: Fjallað er um aðgangsheimildir og aðskilnað starfssviða, þ.m.t. að húsnaði, upplýsingakerfum, gögnum og upplýsingum í reglubók upplýsingaöryggis. Markmiðið er að tryggja að starfsfólk hafi eingöngu aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem það þarf vegna starfa sinna.

Viðskipti milli deilda innan LSR: Sjóðurinn hefur sett sér *reglur um ábyrgð og hlutverk við fjárfestingar sjóðsins* þar sem m.a. er fjallað um viðskipti milli deilda innan LSR. Reglurnar kveða á um í hvaða tilvikum viðskipti milli deilda eru heimil og hvernig verðmati eigna skuli háttað til að tryggja að hagsmunir allra deilda séu tryggðir.

Hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna: Í *starfsreglum stjórnar og framkvæmdastjóra LSR* er kveðið á um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og hvernig þátttöku þeirra í meðferð mála sem varða sjóðinn og þá persónulega skuli háttað. Einnig er fjallað um hæfi og upplýsingaskyldu lykilstarfsmanna í *verklagsreglum um hæfi lykilstarfsmanna LSR*.

Gjafir, boðsferðir og þátttaka starfsfólks í atvinnurekstri: Sjóðurinn hefur sett sér *reglur um ferðir, gjafir og þátttöku í atvinnurekstri*. Í reglunum er kveðið á um viðmið varðandi gjafir, boðsferðir og þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri, auk skyldu til upplýsingagjafar og samþykkis þegar slíkar aðstæður koma upp.

Afgreiðsla sjóðfélagalána- og lífeyrismála: Í verkferlum sjóðsins er kveðið á um að fleiri en einn starfsmaður þurfi að koma vinnslu lána- og lífeyrismála til að fyrirbyggja mögulega hagsmunaárekstra. Starfsmaður skal engu að síður ekki taka þátt í afgreiðslu máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa. Komi upp sú staða að starfsmaður geti ekki sagt sig frá verkefni þar sem hagsmunaárekstur er til staðar, skal hann tryggja að óháður starfsmaður yfirfari niðurstöðu/ákvörðun og skal það skráð í hagsmunaskrá sjóðsins í samræmi við 5. gr. og verkferla sjóðsins. Sjóðurinn hefur sett *starfsreglur fyrir lánanefnd* og er þar kveðið á um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Fjárfestingarnefnd og vaxtanefnd: Sjóðurinn hefur sett *starfsreglur fyrir fjárfestingarnefnd* annars vegar og *vaxtanefnd* hins vegar og er þar kveðið á um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Fjárfestingar: Sjóðurinn hefur sett sér *reglur um ferðir, gjafir og þátttöku í atvinnurekstri* en þeim er m.a. ætlað að koma í veg fyrir óeðlileg áhrif ytri aðila á það hvernig sjóðurinn sinnir fjárfestingarstarfsemi sinni eða starfsmaður framkvæmir viðskipti með fjármálagerninga. Í *reglum um hlutverk við ávöxtun eigna sjóðsins og reglum um framkvæmd eigendastefnu* er kveðið á um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Starfsmaður skal ekki taka þátt í ákvörðun um viðskipti eða á annan hátt taka þátt í undirbúningi að fjárfestingartillögu eða afgreiðslu máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa. Komi upp sú staða að starfsmaður geti ekki sagt sig frá verkefni þar sem hagsmunaárekstur er til staðar skal hann tryggja að óháður starfsmaður yfirfari niðurstöðu/ákvörðun og skal það skráð í hagsmunaskrá sjóðsins í samræmi við 5. gr. og verkferla sjóðsins.

Viðskipti við ytri aðila: Sjóðurinn hefur sett sér reglur/verkferla um viðskipti við ytri aðila, svo sem birgja og þjónustuaðila, sem fjallað er um í reglubók upplýsingaöryggis. Tilgangur reglnanna er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja óhæði, jafnræði og gagnsæi í viðskiptum við ytri aðila. Starfsmaður skal ekki taka þátt í ákvörðun um viðskipti við birgja eða þjónustuaðila eða á annan hátt taka þátt í afgreiðslu máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa. Komi upp sú staða að starfsmaður geti ekki sagt sig frá verkefni þar sem hagsmunaárekstur er til staðar, skal hann tryggja að óháður starfsmaður yfirfari niðurstöðu/ákvörðun og skal það skráð í hagsmunaskrá sjóðsins í samræmi við 5. gr. og verkferla sjóðsins.

7. gr.

Ákvörðun um vafaatriði

Sé starfsmaður eða stjórnarmaður í vafa um hvort ákvæði þessarar stefnu eigi við skal hann leita álits næsta yfirmanns, framkvæmdastjóra eða eftir atvikum stjórnarformanns eða formanns endurskoðunarnefndar.

8. gr.

Eftirlit og endurskoðun

Áhættustýring hefur eftirlit með að reglum þessum sé framfylgt og heldur utan um hagsmunaskrá sjóðsins. Áhættustýring skal yfirfara skráningu hagsmunaárekstra árlega og þær ráðstafanir sem gripið var til og gera grein fyrir niðurstöðum til stjórnar, samhliða vinnu við eigið áhættumat sjóðsins.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar að lágmarki á þriggja ára fresti eða oftár ef breytingar verða á skipulagi sjóðsins, regluverki eða starfsemi sem getur haft áhrif á áhættu vegna hagsmunaárekstra. Verklagsreglur og verkferlar sjóðsins skulu jafnframt vera endurskoðaðir reglulega m.t.t. mögulegra hagsmunaárekstra.

9. gr.

Tilkynning brota og viðurlög

Starfsfólk sem verður vart við brot á stefnu þessari geta tilkynnt það framkvæmdastjóra, stjórnarformanni eða formanni endurskoðunarnefndar. Starfsfólk skal ekki verða fyrir neikvæðum afleiðingum vegna tilkynningar í góðri trú.

Stjórn tekur afstöðu til þess hvort starfsmaður eða framkvæmdastjóri hafi brotið stefnu þessa, en utanaðkomandi lögmáður sem stjórn skipar sérstaklega tekur afstöðu til mála er varða stjórnarmenn.

Viðurlög skulu taka mið af alvarleika brots og umfangi þess, brot getur leitt til uppsagnar.

Samþykkt á fundi stjórnar LSR 16. september 2026